

## 42. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 13. janúar 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Jón Garðar Steingrímsson fulltrúi foreldra. Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara. Fyrir hönd nemenda mættu: Hilmar Þór Halldórsson og Jóachim Birgir Andersen. Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og leiðrétt.

### 2. Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins.

Skólaráðsmenn höfðu kynnt sér niðurstöður nemendakönnunar fyrir fundinn. Farið var yfir samantekt á niðurstöðum í ljósi þess hverjar niðurstöður skólans eru í samanburði við landsmeðaltal.

### 3. Niðurstöður Olweuskönnunar.

Skólaráðsmenn höfðu kynnt sér niðurstöður Olweuskönnunar fyrir fundinn. Skólastjóri fór yfir yfirlit um fjölda nemenda sem telja sig lagða í einelti á þessu ári í samanburði við fyrri ár. Ljóst er að mestur vandi birtist á miðstigi og að ekki var vitað nákvæmlega um hverja væri að ræða. Sigurlaug Ragna sem leiðir Olweusaráætlun í skólanum sagði nú liggja fyrir hverjir þessir nemendur væru því búið væri að ná til allra nema eins þeirra. Niðurstöður skólaráðs eru þær að mikilvægt sé að halda áfaram að vinna skv. Olweusaráætlun, hrísta upp í áætluninni með það í huga að fyrirbyggja einelti.

### 4. Undirbúningur á endurskoðun skólanámskrár.

Rætt um endurskoðun skólanámskrár. Skólastjóri lagði til að SVÓT greining fari fram á næsti skólaráðsfundi. Kennarar og starfsmenn skólans þurfa einnig að vinna SVÓT greiningu fljótlega.

### 5. Önnur mál.

Undir þessum lið sagði Jón Garðar frá verkefni sem Grunnskóla Fjallabyggðar stendur til boða í samráði við Kristínu Ingólfssdóttur fyrrverandi háskólarektor. Markmið verkefnisins er að undirbúa ungt fólk fyrir störf framtíðarinnar. Ákveðið að útvega frekari upplýsingar um verkefnið og koma á framfæri á næsta fundi.

Undir þessum lið var einnig spurt eftir stefnu sveitarfélagsins í fræðslumálum, en hún er ekki tilbúin. Ákveðið að Jón Garðar og skólastjóri setji saman ályktun sem hvetur til þess að fræðslustefnan liggi fyrir sem fyrst.

Fundi slitið kl. 9.10

Sigurlaug Ragna Guðnadóttir